

## 6. gr.

Tölvan velur nú vinningsnúmer og vinningsupphæðir og stýrir ofangreind 48 stafa tala valinu. Tölvan skrifar út vinningalista, sem raðaður er í númeraröð. Vinningalistinn er staðfestur með undirskrift eftirlitsnefndarinnar.

## 7. gr.

Bili tölvan, eða stöðvist útdráttur hennar, tekur notarius publicus forritið, titilspjöldin og stýrisspjaldið í sína vörzlu, þar til viðgerð er lokið. Útdráttur er þá endurtekinn og hefst með því, að tölvan er látin lesa hin geymdu gögn sbr. 5. gr.

## 8. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 6. gr. reglugerðar nr. 26 frá 13. marz 1973 og öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1973.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Jón Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um hækkun bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar.**

## 1. gr.

Upphæðir bóta samkvæmt lögum um almannatryggingar annarra en fjölskyldubóta og fæðingarstyrks skulu hækka um 5.2% frá 1. júlí 1973 að telja.

Hækkunin tekur einnig til lágmarksbóta og heimildarbóta samkvæmt 19. gr. sbr. 5. gr. laga nr. 96/1971, svo og greiðslna samkvæmt 73. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 78. grein laga nr. 67/1971.

*Í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 1. júní 1973.*

**Magnús Kjartansson.**

*Páll Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 95 14. ágúst 1962, um sameiginlega innheimtu opinberra gjalda í Reykjavík.**

## 1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Ef gjöld samkvæmt gjaldheimtuseðli eru ekki greidd áður en 2 mánuðir eru liðnir frá gjalddaga, skal greiða dráttarvexti af því, sem ógreitt er, 1½% fyrir